

**Nr. 055 / 15 Herjólfur****Atvik í Landeyjahöfn**

Skipaskr.nr. 2164 IMO nr. 9036088  
Smíðaður: Noregi 1992, stál  
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt  
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m  
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m  
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992  
Áhöfn: 12  
Farþegar:



Herjólfur©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Skýrsla skipstjóra  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**


Þann 21. maí 2015 var Herjólfur að koma til hafnar í Landeyjahöfn. Veður: SV 10-13 m/s, (15-20 m/s um tíma) ölduhæð 2,0 m og öldulengd 61 m á öldudufli. Straumratsjá sýndi ölduhæð 3,0 m, TP (öldukraftur) 10,7 - öldulengd 112 m og öldustefnu 218° og meðalstraumur 1,4 sml.

Þegar Herjólfur nálgadist innsiglinguna myndaðist brot rétt fyrir framan skipið með þeim afleiðingum að það kastaðist til austurs. Skipstjóra tókst að ná skipinu á stefnu en eftir þetta lá það undir stöðugum áföllum og lét illa að stjórn alveg inn fyrir garðana.

Ekki varð neitt tjón við þetta en fram kom hjá skipstjóra að þessar aðstæður sem óvænt sköpuðust hefðu verið þær erfiðustu sem hann hafði lent í við Landeyjahöfn.

**Við rannsókn kom fram:**

- að útgerðaraðili og sérfræðiaðilar hjá Vegagerðinni fóru yfir þetta atvik og mögulegar ástæður þess. Þar kom fram að skýringin á þessu gæti verið sú að það var í grynna lagi á rífið báðu megin við rennuna og í gegnum það. Það hefði valdið því að brot hefði myndast á rifinu í SA og SV öldu og ekki endilega þurft mikla öldu til þess. Einnig var frekar grunnt við vesturgarðinn og þar hefði einnig getað myndast brot. Einnig kom fram að erfiðlega hefði gengið að dýpka höfnina og hún því nokkuð grunn;
- að á kortinu hér að neðan má sjá ferilskráningu skipsins til hafnarinnar:



- að þetta er fjórða atvikið sem RNSA hefur skráð og rannsakað vegna siglingar Herjólfss sem eru af líkum toga. Fyrri atvik eru skráð undir málanúmerum 148/10, 108/11 og 167/13.

#### ***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í þessu máli en vísar í fyrri niðurstöður sínar varðandi sambærileg atvik í höfninni og siglingu um hana.

Í ljósi tíðra atvika sem þessa hvetur nefndin til þess að endurskoðuð séu þau viðmið sem notuð eru um siglingu skipsins til hafnarinnar.